

Október 2019



Samstarfsráð um starfspróun kennara og skólastjórnenda

Skýrsla til mennta- og
menningarmálaráðherra

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Efnisyfirlit

INNGANGUR.....	3
YFIRLIT YFIR TILLÖGUR SAMSTARFSRÁÐS.....	5
HLUTVERK OG STARFSTÍMI SAMSTARFSRÁÐSINS.....	8
VINNA OG VERKEFNI	9
Vinnuhópur um þarfir kennara og skólastjórnenda.....	9
Kynningarhópur	9
Vinnuhópur um stoðkerfi I.....	10
Vinnuhópur um stoðkerfi II.....	11
Nýliðunarhópur.....	11
Vinnuhópur um háskóla.....	12
HUGTAKIÐ STARFSÞRÓUN	13
Starfsþróun og fagmennska.....	13
Starfsþróun og tækni.....	15
TILLÖGUR SAMSTARFSRÁÐS.....	17
1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög, stefnumótun og löggjöf.....	17
2. Skólaþjónusta þvert á skólastig og skólagerðir.....	20
3. Menntamálastofnun	21
4. Kennararáð og samstarf aðila.....	22
5. Háskólar sem mennta kennara og skólastjórnendur	24
6. Fjármagn til starfsþróunar kennara og skólastjórnenda.....	26
7. Skólastjórnendur.....	28
8. Starfsþróun í skólum landsins.....	30
FULLTRÚAR OG STARFSMENN	32

Inngangur

Á tímum örra samfélags- og tæknibreytinga samfara auknum kröfum til skóla um að sinna fjölbreyttum hlutverkum og „vera fyrir alla“ blasir við að starf kennara og skólastjórnenda er margþætt og kallar á að stöðugt sé tekist á við nýjar aðstæður. Í því felst öflug og fjölbreytt starfsþróun og lærdómur. Skilgreina þarf mikilvægi tengsla milli grunnmenntunar, starfsnáms og starfsþróunar kennara í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum þannig að skólafólk geti markvisst aukið þekkingu sína og hæfni, fylgst með helstu nýjungum, unnið með öðrum og ígrundað færar leiðir. Þar að auki þarf að vera tryggt framboð á fræðslu fyrir kennara og skólastjórnendur um allt land. Efniviður og umgjörð starfsþróunar þarf að vera fjölbreytt og í sífelldri þróun í takt við samfélagsbreytingar og nýjustu rannsóknir. Hún þarf að vera í samræmi við hugmyndir um fagmennsku og svara bæði þörfum einstaklinga og skólastarfsins í heild. Kennarar og skólastjórnendur eru kjölfestan í menntakerfinu og er öflug starfsþróun þessara stétta grundvöllur farsællar þróunar menntakerfis og skólastarfs sem veitir nemendum bestu hugsanlegu menntun. Með faglegu skólastarfi verður samfélagið sterkara.

Þegar rætt er um gæði skólastarfs berast böndin jafnan að menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Umræða um starfsþróun á sér djúpar rætur. Nefndir, ráð og vinnuhópar hafa fjallað um mikilvægi og fyrirkomulag starfsþróunar kennara og stjórnenda um árabíl. Nánar má lesa um þessa forsögu á vefnum: <https://starfsthrounkennara.is/forsaga/>. Forveri samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda var fagråd um símenntun og starfsþróun kennara. Það lagði fram ítarlegar tillögur um: a) menntun sem forgangsverkefni, b) kennaramenntun sem starfsævilanga menntun, c) stoðkerfi fyrir starfsþróun og d) fjármagn. Jafnframt lagði fagráðið til að framhald yrði á samstarfi aðila fagráðsins með það í huga að festa þennan samstarfsvettvang í sessi og fylgja eftir tillögunum. Síðsumars 2016 kom að því að stofnað var samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Ráðið var skipað til þriggja ára og lauk starfstíma þess 31. ágúst 2019. Starfstími þess var framlengdur um einn mánuð.

Lagt er til að starfstími samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði framlengdur enn frekar eða þar til málefnum þess hefur verið komið í farveg innan kennararáðs.

Markmið þessarar skýrslu er að greina frá tillögum samstarfsráðsins en jafnframt segja í stórum dráttum frá fjölþættu starfi þess. Undirhópar unnu að ýmsum verkefnum sem hér er vísað til. Hluti þeirrar vinnu undirbyggði þær tillögur sem hér eru lagðar til.

Yfirlit yfir tillögur samstarfsráðs

Hér er einfaldur listi yfir tillögurnar. Nánar er fjallað um þær á bls. 17-31. Tillögunum er skipað í átta flokka og eru þær samtals sautján talsins.

1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög, stefna og löggjöf

1.1 Sett verði í lög ákvæði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, með áherslu á að starfsþróun sé hluti af starfi kennara og skólastjórnenda. Ákvæði þessi verði samræmd að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist fyrir ólíkar skólagerðir og skólastig.

1.2 Ávallt sé gert ráð fyrir starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skóla í tengslum við innleiðingu stefnu í menntamálum og breytingar á henni, til að tryggja framgang hennar og breytinganna.

1.3 Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla leggi áherslu á að stefna þeirra um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði hluti af skólafestefnu þeirra leik-, grunn- og tónlistarskóla sem þau reka.

1.4. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og aðrir rekstraraðilar skóla leggi áherslu á að stefna þeirra um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði hluti af skólafestefnu þeirra framhalds- og tónlistarskóla sem þau reka.

2. Skólaþjónusta þvert á skólastig og skólagerðir

2.1 Ríki og sveitarfélög tryggji í sameiningu að allir skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi til starfsþróunar. Við skipulag og útfærslu verði stutt við faglegt samstarf og sérstaklega hugað að tengslum við aðrar menntastofnanir á svæðinu svo sem símenntunarmiðstöðvar, háskóla, fræða- og háskólasetur. Skólaþjónusta, óháð rekstraraðilum skóla, sem þjónar öllum skólastigum og skólagerðum með samræmdum hætti meðal annars á sviði starfsþróunar, verði tryggð og skilgreind í lögum eða reglugerð.

3. Menntamálastofnun

3.1 Menntamálastofnun bjóði kennurum og skólastjórnendum tækifæri til starfsþróunar í tengslum við verkefni stofnunarinnar og kannanir á hennar vegum. Stofnunin útfæri möguleika til starfsþróunar í samstarfi við háskóla, sveitarfélög og aðra aðila eftir því sem við á.

4. Kennararáð og samstarf aðila

4.1 Starfstími samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði framlengdur þar til málefnum þess hefur verið komið í farveg innan kennararáðs.

4.2 Kennararáði verði falið að vinna áfram með öll málefni og tillögur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda, þar með talið eftirfylgni með þróunarverkefni samstarfsráðs og utanumhald um vefinn starfsthrounkennara.is.

4.3 Samstarfsnet um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði sett á fót. Með samstarfsneti er átt við formlega samvinnu þeirra er styðja við, veita og skipuleggja og nýta fræðslu og ráðgjöf fyrir kennara og skólastjórnendur. Kennararáð verði leiðandi í stofnun og vinnu netsins.

5. Háskólar sem mennta kennara og skólastjórnendur

5.1 Háskólum, sem mennta kennara og skólastjórnendur, verði formlega ætlað að koma að starfsþróun kennara og skólastjórnenda á vettvangi.

5.2 Aukið verði fjármagn til háskólanna sem eyrnamerkt er aðkomu þeirra að starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

5.3 Háskólar móti stefnu um aðkomu sína að starfsþróun kennara og skólastjórnenda í samvinnu við hlutaðeigandi.

5.4 Samstarf og ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði skilgreind sem hluti af starfskyldum háskólakennara sem mennta kennara og skólastjórnendur. Æskilegt væri að þessi vinna félli undir kennslu og rannsóknarhluta háskólakennara og væri skilgreind í stigamatskerfi akademískra starfsmanna.

6. Fjármagn til starfsþróunar kennara og skólastjórnenda

6.1 Fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda verði tekin til gagnarrar endurskoðunar í samvinnu aðila með það að markmiði að jafna aðgengi kennara og skóla að fjármagni og tækifærum til starfsþróunar óháð staðsetningu og þvert á skólastig og skólagerðir, samræma reglur um notkun fjármagns og skoða hvernig best megi nýta það til starfsþróunar í framtíðinni þannig að allir kennarar hafi tíma og rými til að sinna starfsþróun sinni.

7. Skólastjórnendur

7.1 Áhersla verði lögð á að allir skólastjórnendur hafi menntun sem styður við leiðtogahlutverk þeirra. Tryggja þarf starfsþróunartækifæri fyrir skólastjórnendur allra skólastiga og skólagerða um land allt sem miðast sérstaklega við starf þeirra, einkum faglega forystu og uppbyggingu lærdómssamfélags í skólum.

7.2 Hlutverk skólastjórnenda verði skoðað með það í huga að styrkja ábyrgð þeirra á starfsþróun kennara og sem faglegra leiðtoga innan skólanna. Skoðað verði hvort skýra þurfi þessa ábyrgð frekar í lögum og reglugerðum.

8. Starfsþróun í skólum landsins

8.1 Allir skólar landsins vinni að því að byggja upp lærdómssamfélag í samvinnu við aðra skóla og stofnanir. Tryggja þarf öllum kennurum og skólastjórnendum nægjanlegt svigrúm innan árlegs vinnutíma þeirra til starfsþróunar og virkrar þátttöku í lærdómssamfélagi.

Hlutverk og starfstími samstarfsráðsins

Ráðherra skipaði samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda til þriggja ára frá ágúst 2016. Í ráðinu eru fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands og háskólum sem mennta kennara, alls tuttugu manns. Sjá lista yfir fulltrúa á bls. 32. Hlutverk ráðsins skv. skipunarbréfi er eftirfarandi:

- Að vera vettvangur fyrir samstarf og samráð aðila um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- Að kynna fyrir skólasamfélaginu skýrslu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara sem afhent var menntamálaráðherra 10. mars 2016.
- Að setja fram tillögur að útfærslu á fram komnum niðurstöðum fagráðsins og kynna þær fyrir aðilum samstarfsráðsins og menntamálaráðherra.
- Að greina þarfir kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun og gæta að gæðum starfsþróunar.
- Að hafa yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun, afla upplýsinga um hana, leiða umræðu og miðla til skólasamfélagsins.
- Að vera menntayfirvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun.

Ráðinu er ætlað að fylgja eftir skýrslu fagráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda frá mars 2016 og vera menntayfirvöldum til ráðgjafar um málefni starfsþróunar.

Vinna og verkefni

Á starfstímanum hefur samstarfsráðið fundað alls níu sinnum. Fundargerðir og minnispunkta frá þessum fundum má finna á vef ráðsins ([sjá: https://starfsthroukennara.is/fundargerdir-og-skyrslur/](https://starfsthroukennara.is/fundargerdir-og-skyrslur/)). Stýrihópur samstarfsráðs fundaði 38 sinnum og eru fundargerðir á lokuðu vinnusvæði á vef samstarfsráðs.

Ýmis verkefni voru unnin á vegum samstarfsráðsins og nokkrir vinnuhópar störfuðu á þess vegum. Yfirleitt sátu fulltrúar ráðsins í þessum hópum en einnig voru dæmi um að einstaklingar utan ráðsins kæmu inn í vinnuna. Hér er yfirlit vinnuhópanna og verkefna á þess vegum.

Vinnuhópur um þarfir kennara og skólastjórna

Vinnuhópur var settur á laggirnar til að greina hverju þyrfti að sinna í starfsþróun kennara, skólastjórna og í þróun skólustarfs, byggt á kröfum í lögum, reglum og aðalnámskrám, stjórnvaldsákvörðunum, skýrslum og málþingum. Unnar voru skýrslur fyrir leik-, framhalds- og tónlistarskóla sem birtar hafa verið. Einnig voru unnin drög að skýrslu fyrir grunnskóla en þau hafa enn ekki verið birt. Skýrslurnar: Faglegar kröfur til kennara og stjórna í tónlistarskólum / framhaldsskólum / leikskólum og breytingar á starfsumhverfi þeirra eru á vef samstarfsráðsins; <https://starfsthroukennara.is/fundargerdir-og-skyrslur/>.

Kynningarhópur

Hópnum var ætlað að kynna starf samstarfsráðsins úti í skólasamfélaginu og byggja upp ákveðin tengsl þarna á milli. Meginverkefni hópsins voru vefur samstarfsráðsins og Samspil 2018.

Vefur

Til að byrja með var vef fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara lítillaga breytt þannig að samstarfsráðið gat nýtt hann fyrir sitt starf. Síðar var vefurinn uppfærður hvað útlit varðar og lögð áhersla á að höfða til stærri hóps. Vefnum er ætlað að veita upplýsingar um starf ráðsins, geyma rafræn gögn þess og miðla áhugaverðu efni sem tengist starfsþróun kennara og skólastjórna. Vefslóðin er: <https://starfsthroukennara.is/>

Samspil

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólustjórnenda, Menntamiðja og stýrihópur um úttekt á menntun fyrir alla stóð að verkefninu SAMSPILI 2018 sem snýst um starfsþróun. Verkefnið stóð yfir frá nóvember 2018 til febrúar 2019 og var ætlað þeim sem koma að skóla- og fræðslustarfi á öllum skólástigum um allt land.

Markmið Samspils 2018 var að þátttakendur fræddust um starfsþróun og nýjar kennsluaðferðir og námstækni fyrir fjölbreytta nemendahópa um leið og þeir tækju þátt í að byggja upp öflug og kvik samskipti skólafólks á netinu og í raunheimum. Samspil 2018 á sér vef: <http://samspil2018.menntamidja.is/>

Vinnuhópur um stoðkerfi I

Hópurinn vann að tillögum varðandi stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólustjórnenda sem sendar voru rýnihópi um aðgerðir til að auka nýliðun í kennslu og sporna gegn brotthvarfi úr starfi. Greint var frá þessum tillögum í bréfi til rýnihópsins: <https://starfsthroukennara.is/wp-content/uploads/2019/08/stodkerfi02april2018.pdf>

Hópurinn vann jafnframt tillögu að þróunarverkefni um starfsþróun kennara og skólustjórnenda, undirbjó verkefnið og kom því af stað. Hugmyndin og útfærsla verkefnisins byggir meðal annars á vinnu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara.

Þróunarverkefni

Samstarfsráðið setti af stað, haustið 2018, þróunarverkefni um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólustjórnenda sem mun standa til loka skólaárs 2019-2020. Markmið þróunarverkefnisins er að efla samfellu grunnmenntunar og starfsþróunar, auka tengsl innan skólakerfisins, auka áherslu á ráðgjöf og samstarf skóla og háskóla og styrkja skipulag starfsþróunar sem tekur mið af ígrundun, starfendarannsóknnum og menningu lærdómssamfélags. Í hnotskurn er þróunarverkefninu ætlað að skilgreina og útfæra stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla. Með því er mótað skipulag sem getur orðið fyrirmynd að stuðningi við innleiðingu á lærdómssamfélagi.

Fjórir skólar taka þátt í verkefninu: Leikskólinn Grænuvellir og Borgarhólsskóli (grunnskóli) á Húsavík ásamt Fjölbautaskóla Suðurnesja og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Listaháskóli Íslands veita skólunum faglegan stuðning í tengslum við verkefnið. Samhliða verkefninu er

það metið af utanaðkomandi sérfræðingum hvað framkvæmd og afurð varðar. (Sjá: <https://starfsthrounkennara.is/vidamikid-throunarverkefni-a-vegum-samstarfsradsins/>)

Vinnuhópur um stoðkerfi II

Stór vinnuhópur var settur á laggirnar um stoðkerfi eða stuðning við starfspróun kennara og skólastjórnenda á vormánuðum 2019. Hópurinn fjallaði um a) sjóði og aðra fjármögnun, b) menntayfirvöld, c) skólastjórnendur og d) lærdómssamfélag og setti fram tillögur í tengslum við þessi atriði.

Nýliðunarhópur

Verkefni hópsins var meðal annars að greina nýliðun og brotthvarf úr kennarastétt, taka saman upplýsingar um rannsóknir á kennaranámi og vettvangsnámi, kanna ástæður nemenda fyrir vali í kennaranám og lyfta röddum nýliða auk þess að koma með tillögur um að efla nýliðun og finna leiðir til úrbóta.

Mikill samhljómur var í tillögum og áherslum í þeim gögnum sem hópurinn kynnti sér. Áberandi eru áherslur um samstillt átak mismunandi hagsmunaðila; menntayfirvalda, sveitarfélaga, kennaramenntunarstofnana, skóla og stjórnenda og kennarasamtaka. Í sambandi við brotthvarf og nýliðun má segja að grunnstefið sé að:

- þróa hvatakerfi hjá LÍN,
- styðja við nýliða á markvissan hátt og byggja upp færni til starfstengdrar leiðsagnar á vettvangi,
- efla vettvangsnám og kennslufræðilega áherslu í kennaramenntun, sbr. launað starfsnámsár og
- auka aðkomu háskóla í starfspróun kennara og skólastjórnenda.

Í mars 2018 kallaði mennta- og menningarmálaráðherra eftir tillögum að aðgerðaplani vegna nýliðunarvanda í kennarastétt. Starfshópurinn um nýliðun fór inn í það verkefni og skilaði ásamt fleirum tillögum til kostnaðargreiningar þá um vorið, sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/03/05/Nylidun-kennara-adgerdir-i-menntamalum/>

Vinnuhópur um háskóla

Hópurinn fjallaði um æskilega aðkomu háskóla að starfsþróun kennara og skólastjórnenda á öllum skólastigum ásamt í tónlistarskólum og mótaði tillögur þar að lútandi.

Háskólarnir hafa þegar byggt upp formlegt fyrirkomulag í kringum starfsþróun kennara og gegna mikilvægu hlutverki ekki síst í gegnum nám og rannsóknir. Einnig bjóða háskólar upp á fjölbreytt framhaldsnám fyrir starfandi kennara eins og formlegt nám í starfstengdri leiðsögn og skólastjórnun. Fjöldi rannsókna sem unnar eru innan háskólanna beinast að því að styðja við fag- og skólaþróun innan menntakerfa og skóla. Jafnframt veita háskólar ráðgjöf og styðja við rannsóknir kennara og stjórnenda á eigin starfi og mati á verkefnum tengdum skólaþróun. Ráðstefnur, málþing og útgáfa fræðirita eru liður í þekkingarmiðlun og mikil eftirspurn er eftir ráðgjöf og fræðslu frá háskólasamfélaginu. Ljóst má vera að háskólar hafa faglega burði til að taka þátt í starfsþróun kennara á vettvangi, en ýmsar hindranir standa í vegi fyrir því að þeir geti gert það af þeim krafti sem þeir hafa vilja og sýn til, sjá nánar á bls. 24-26.

Niðurstöður vinnuhópsins má sjá á vef samstarfsráðsins; <https://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2019/09/haskoliLOKA.pdf>.

Hugtakið starfsþróun

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara setti fram eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun. Samstarfsráðið heldur þessari skilgreiningu. Skilgreiningin er í senn grundvöllur sameiginlegs skilnings á starfsþróun og stefnuyfirlýsing. Hún felur í sér sameiginlega sýn á starfsþróun, fjölbreytni hennar og órjúfanlegt samhengi við fagmennsku og daglegt skólastarf.

Starfsþróun er samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofin hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Starfsþróun og fagmennska

Í skilgreiningu fagráðsins á hugtakinu starfsþróun fólst stefnuyfirlýsing; stefna um það í hverju starfsþróun felist og hversu fjölbreytt hún getur verið. Skilgreiningin endurspeglar fagmennsku. Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda telur mikilvægt að skólastarf einkennist af faglegu verklagi og sé skipulagt þannig að kennarar og aðrir starfsmenn skóla búi við góðar starfsaðstæður, tíma og möguleika til samvinnu, ígrundunar og fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar. Slíkt fyrirkomulag einkenni allt daglegt starf og hafi sterkar tengingar út fyrir vegg skólans.

Þessi atriði samræmast að miklu leyti hugmyndafræði lærdómssamfélags, sem einmitt er nefnt í skilgreiningunni. Í óbirtri skýrslu frá 2019 eftir Birnu Maríu Svanbjörnsdóttur, Eddu Óskarsdóttur, Hermínu Gunnþórsdóttur, Laufeyju Petreu Magnúsdóttur, Rúnar Sigþórsson og Trausta Þorsteinsson, *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn segir*:

Áherslumunur getur verið á einstökum skilgreiningum á hugtakinu lærdómssamfélag en samstaða virðist vera meðal fræðimanna um að mikilvægustu einkenni þess séu: sameiginleg ábyrgð á námi og árangri nemenda sem markmiða alls skólastarfs,

sameiginleg sýn og gildi, starfsþróun og samvirk fagmennska sem birtist meðal annars í skipulegum félagastuðningi, teymiskennslu og lausnamiðaðri samræðu, ígrundun og þekkingarsköpun. Enn fremur má nefna stjórnskipulag og forystu sem setur umbætur á oddinn og leitast við að valdefla (e. empower) kennara sem umboðsmenn breytinga (e. agents of change) og skapa þeim starfsumhverfi sem miðar að tengslamyndun og samvinnu (DuFour og Fullan, 2013; Hargreaves og Fullan, 2012). Þannig er hugmyndafræði lærdómssamfélaga nátengd hugmyndum um fagmennsku og starfsþróun en sýnt hefur verið fram á að það eru kennarar og stjórnendur sem eru skuldbundnir hugmyndafræðinni sem einkum stuðla að varanlegum breytingum og námi (Fullan og Hargreaves, 2016).


Eftirfarandi myndir sýna ólíka undirstöðuþætti í lærdómssamfélagi. Það sem allt snýst um er nám nemenda. Til þess að sem bestur árangur náist þarf markviss vinnubrögð, fjölbreytt sjónarhorn, samvinnu fólks og þátttöku ólíkra aðila.



Brotalínan markar skóla sem lærdómssamfélag.

Myndin er byggð á fyrirmynd úr skýrslunni: *What makes a school a learning organisation?*

¹ *What makes a school a learning organisation?* A guide for policy makers, school leaders and teachers – bls. 1. OECD. Sjá: <http://www.oecd.org/education/school/school-learning-organisation.pdf>



Nemendur eru innsti kjarninn í skólastarfi sem einingar skólakerfisins hverfast utan um. Myndin er byggð á mynd í doktorsritgerð Eddu Óskarsdóttur, 2017.²

Starfsþróun og tækni

Upplýsingatækni og netmiðlar hafa margs konar áhrif á nám, kennsluhætti og skólastarf. Þetta birtist í viðfangsefnum nemenda, því hvernig nám fer fram, miklu magni upplýsinga og auknum tækifærum til samskipta.

Eðlilega þurfa kennarar og skólastjórnendur að fylgjast með og efla þekkingu sína á tækni sem tengist beint námi nemenda. Vísbendingar eru um að töluverðar breytingar verði á komandi árum og þurfa kennarar og skólastjórnendur að vera vel í stakk búnir til að takast á við áskoranir sem þeim fylgja.

² Edda Óskarsdóttir. (2017). *Skipulag stuðnings í skóla án aðgreiningar: fagleg sjálfsrýni*. Doktorsrannsókn. <https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/388/Edda%20%cc%81skarsdo%cc%81ttir%20final.pdf?sequence=1&isAllowed=y>

En burtséð frá áhrifum tækninnar á nám nemenda hefur hún bein áhrif á störf kennara og skólastjórnenda. Samfélagsmiðlar eru til dæmis í auknum mæli umgjörð fyrir starfsþróun þeirra. Með hjálp samfélagsmiðla geta kennarar og skólastjórnendur aflað fanga eða deilt reynslu sinni og þekkingu. Kennarar hafa sem dæmi komið sér upp ófáum facebook-hópum og umræðurásam á twitter. Farvegurinn getur bæði verið mjög markviss og formlegur eða sveigjanlegri og nær grasrótinni.

Menntamiðja hefur á undanförunum árum sýnt umtalsvert frumkvæði í því að styðja við og halda utan um fjölbreytt veflæð starfssamfélög kennara, sjá <http://menntamidja.is/>. Með veflægu starfssamfélagi er átt við rafræna umgjörð um samskipti fólks og nám. Þar er lögð áhersla á tengsl fræðasamfélagsins við starfsvettvang. Dæmi um verkefni er SAMSPIL 2018, en Menntamiðja, samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og stýrihópur um úttekt á menntun fyrir alla stóð að verkefninu sem snerist um starfsþróun. Sjá nánar bls. 10.

Samstarfsráðið telur mikilvægt að gefa tækninýjungum í starfi nemenda, kennara og skólastjórnenda sérstakan gaum. Fólk þarf að læra að vera gagnrýnið á tæknina en jafnframt opið. Máttur tækninnar er mikill, meðal annars kennslufræðilega, og hún á sér margar hliðar, sem mikilvægt er að kanna og nýta á faglegan og meðvitaðan hátt.

Tillögur samstarfsráðs

Hér er farið yfir tillögur samstarfsráðs og sett fram framtíðarsýn þess um viðkomandi atriði. Greint er frá þeim hindrunum sem tillögunum er ætlað að mæta og aðgerðum sem lagt er til að farið verði í.

Menntun er hornsteinn samfélags. Ábyrgð ríkis og sveitarfélaga er mikil enda móta þau lagaramma og skipulag menntakerfisins ásamt því að fjármagna það. Stjórnvöld fjármagna og vinna að því að tryggja góða skóla og menntun, frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla og í tónlistarskólum. Stjórnvöld bera ábyrgð á því að fullgilda, innleiða og að hafa eftirlit með framkvæmd alþjóðlegra sáttmála sem Ísland hefur undirgengist um farsæld og rétt barna og ungmenna til menntunar. En kennarar og skólastjórnmendur eru í lykilhlutverki við framkvæmd og útfærslu skólastarfs. Mikilvægi faglegs starfs þeirra er óumdeilt. Segja má að fagmennska og starfsþróun séu samofin. Ákvæði sem setja ramma um starf og hlutverk kennara og starfsþróun er að finna í lögum, aðalnámskrám og ýmsum reglugerðum. Skýrustu ákvæðin um starfsþróun eru þó í kjarasamningum kennara og skólastjórnmenda. Í lögum um leikskóla og grunnskóla eru almenn ákvæði um símenntun kennara og stjórnmenda og símenntunaráætlanir. Í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla er fjallað um námsleyfi og námsorlof kennara og skólastjórnmenda. Ekki er fjallað um starfsþróun í lögum um tónlistarskóla.

Menntayfirvöld; ríki og sveitarfélög, fara með ákvörðunarvald og eru stefnumótandi í menntamálum. Gengið er út frá því að rekstraraðilar sem fá leyfi til að reka skóla beri ábyrgð á að starfsfólk þeirra stundi starfsþróun og fái tækifæri til hennar til jafns við skóla sem starfa í umboði ríkis og sveitarfélaga.

1. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sveitarfélög, stefna og löggjöf

Þáttur starfsþróunar í stjórnmenda- og kennarastarfinu er ekki skýr í lögum og reglugerðum og aðstæður fólks eru misjafnar til að sinna þessum þætti, t.d. út frá skólastigi eða skólagerð. Þetta veldur því að starfsþróun verður ekki nógu markviss. Rekstraraðilar, skólastjórnmendur og kennarar kalla allir eftir ákvæðum um starfsþróun kennara og skólastjórnmenda. Menntastefna ætti að innihalda stefnu um starfsþróun kennara og skólastjórnmenda sem síðan endurspeglast í stefnu skólanna.

Þegar settar eru fram stefnur í menntamálum af hálfu stjórnvalda, þeim breytt, gefin út ný námskrá eða unnið að átaksverkefnum hefur oft vantað upp á eftirfylgni og fræðslu til þeirra

sem eiga að framfylgja málum. Þetta hefur orðið til þess að árangur stefnunnar verður ekki eins góður og skildi. Þessu til stuðnings má nefna að í TALIS könnun árið 2018, sem lögð var fyrir kennara á unglingastigi, kemur fram að þeim þykir meðal annars vanta fræðslu um aðalnámskrá þegar þeir voru spurðir út í hvers konar starfsþróun skorti.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um ábyrgð og skyldur ríkisins og sveitarfélaga

Starfsþróun kennara- og skólastjórna verði hluti af menntastefnu ríkisins og sveitarfélaga og birtist sömuleiðis í stefnu skólanna. Ríkið taki á sig aukna ábyrgð varðandi starfsþróun kennara og skólastjórna. Mennta- og menningarmálaráðuneyti hafi yfirsýn yfir málaflokkinn og beri ábyrgð á stefnumótun og eftirliti. Ráðuneytið láti gera reglulegt stöðumat og hlutist til um endurbætur varðandi starfsþróun kennara og skólastjórna.

Tillaga 1.1

Sett verði í lög ákvæði um starfsþróun kennara og skólastjórna leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, með áherslu á að starfsþróun sé hluti af starfi kennara og skólastjórna. Ákvæði þessi verði samræmd að svo miklu leyti sem eðlilegt getur talist fyrir ólíkar skólagerðir og skólastig.

Aðgerðir: Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinni drög að frumvarpi til breytinga á menntalögum í samráði við hagsmunaaðila þar sem skýrt verði kveðið á um starfsþróun kennara og skólastjórna. Við þá vinnu verði horft til þeirra gagna sem aflað hefur verið í vinnu samstarfsráðs og fyrirliggjandi skilgreiningar um starfsþróun kennara og skólastjórna.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Fjármögnun: Kostnaður vegna gerðar frumvarps greiðist af ríkinu en kostnaðarmat á áhrifum laganna fari fram jafnhliða vinnu við gerð frumvarpsins.

Tímarammi: 2020-2021.

Afurð: Lagaákvæði um rétt og skyldur kennara og skólastjórna í leik- grunn-, framhalds- og tónlistarskólum til starfsþróunar.

Tillaga 1.2

Ávallt sé gert ráð fyrir starfsþróun kennara, skólastjórna og annarra starfsmanna skóla í tengslum við innleiðingu stefnu í menntamálum og breytingar á henni, til að tryggja framgang hennar og breytinganna.

Aðgerð: Aðgerðaáætlanir um innleiðingu séu unnar samhliða stefnumótun í menntamálum og feli ávallt í sér starfsþróun kennara og skólastjórnenda eða þeirra sem við á. Ráðuneytið geri reglulega úttektir á innleiðingu á stefnum sínum.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við hagsmunaaðila.

Fjármögnun: Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Kostnaðarmat fari fram samhliða gerð stefnu hverju sinni.

Tímarammi: Hugað sé að þessu strax í byrjun stefnumótunar, áætlunar eða endurskoðunar námskrár.

Afurð: Vel innleiddar stefnur.

Tillaga 1.3

Sveitarfélög og aðrir rekstraraðilar skóla leggi áherslu á að stefna þeirra um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði hluti af skólastefnu þeirra leik-, grunn- og tónlistarskóla sem þau reka.

Aðgerð: Rekstraraðilar skóla endurskoði skólastefnur sínar og tryggi að þar sé kveðið á um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Ábyrgðaraðilar: Sveitarfélög í samstarfi við leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Fjármögnun: Kostnaðarmat fari fram jafnhliða gerð skólastefnu hverju sinni.

Tímarammi: 2020-2021.

Afurð: Starfsþróun kennara og skólastjórnenda verður skilgreind í skólastefnum allra sveitarfélaga og þeirra skóla sem þau reka.

Tillaga 1.4

Mennta- og menningarmálaráðuneyti og aðrir rekstraraðilar skóla leggi áherslu á að stefna þeirra um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði hluti af skólastefnu þeirra framhalds- og tónlistarskóla sem þau reka.

Aðgerð: Rekstraraðilar skóla endurskoði skólastefnur sínar og tryggi að þar sé kveðið á um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samstarfi við framhalds- og tónlistarskólana.

Fjármögnun: Kostnaðarmat fari fram jafnhliða gerð skólastefnu hverju sinni.

Tímarammi: 2020-2021.

Afurð: Starfspróun kennara og skólastjórnenda verður skilgreind í skólastefnum allra framhaldsskóla og þeirra tónlistarskóla sem ríkið rekur.

2. Skólaþjónusta þvert á skólastig og skólagerðir

Mikill munur er á björgum og tækifærum til starfspróunar milli sveitarfélaga þar sem þau eru missterk hvað varðar fjárhagslega stöðu, íbúafjölda og faglega burði. Að framhaldsskólar séu reknir af ríkinu og flestir aðrir skólar af sveitarfélögum getur flækt eðlilegt samstarf á milli skólastiga og eins aðkomu annarra menntastofnana á svæðinu, til dæmis skólaskrifstofa og háskólasetra, að starfspróun allra kennara og skólastjórnenda.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um skólaþjónustu

Allir skólar; leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólar, hafi aðgang að ráðgjöf og leiðsögn á sínum svæðum/landshluta, þar sem starfspróun verði eitt af forgangsverkefnum. Ríki og sveitarfélög skipuleggi í sameiningu stuðningskerfi við starfspróun kennara og skólastjórnenda þvert á stjórnsýslustig og tryggi fjármagn og aðgengi allra kennara og skólastjórnenda að starfspróun óháð búsetu, skólastigi og skólagerð.

Tillaga 2.1

Ríki og sveitarfélög tryggi í sameiningu að allir skólar hafi greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi til starfspróunar. Við skipulag og útfærslu verði stutt við faglegt samstarf og sérstaklega hugað að tengslum við aðrar menntastofnanir á svæðinu svo sem símenntunarmiðstöðvar, háskóla, fræða- og háskólasetur. Skólaþjónusta, óháð rekstraraðilum skóla sem þjónar öllum skólastigum og skólagerðum með samræmdum hætti meðal annars á sviði starfspróunar, verði tryggð og skilgreind í lögum eða reglugerð.

Aðgerð: Reglugerð um skólaþjónustu verði endurskoðuð og gerðar nauðsynlegar lagabreytingar til að tryggja svæðisbundna skilgreinda skólaþjónustu fyrir leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, þar sem áhersla er á ráðgjöf og stuðning við starfspróun kennara og skólastjórnenda. Komið verði á laggirnar samstarfi um heildarskipulag sérfræðiþjónustu fyrir öll skólastig og skólagerðir þvert á stjórnsýslustig. Gætt verði að jafnræði kennara hvað varðar aðgengi að starfspróunartækifærum.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðra hagsmunaaðila.

Fjármögnun: Kostnaður vegna endurskoðunar reglugerðar eða laga greiðist af ríkinu.

Kostnaðarmat vegna skólaþjónustu til framtíðar verði unnið samhliða þeirri vinnu.

Tímarammi: 2020-2022

Afurð: Skilgreind skólaþjónusta fyrir öll skólastig og skólagerðir og tryggt samstarf aðila.

3. Menntamálastofnun

Hlutverk Menntamálastofnunar er útlitað í lögum en þar er lítið komið inn á starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Fræðsla til sveitarfélaga og skóla í tengslum við verkefni stofnunarinnar þyrfti að vera öflug og markviss. Án góðrar tengingar er hættu á að skapist gjá sem kemur í veg fyrir að starf stofnunarinnar skili sér á árangursríkan hátt inn í skólakerfið.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um starfsþróun á vegum Menntamálastofnunar

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði órjúfanlegur þáttur í þeim verkefnum sem eru í umsjón Menntamálastofnunar. Stofnunin tryggji jafnræði í starfsþróun á landsvísu tengt verkefnum sínum. Jafnframt dragi stofnunin saman upplýsingar í samráði við fræðsluyfirvöld um mögulega þörf fyrir starfsþróun kennara og skólastjórnenda út frá niðurstöðum kannana og rannsókna sem stofnunin tengist auk þess að miðla þekkingu og niðurstöðum úr þeim.

Tillaga 3.1

Menntamálastofnun bjóði kennurum og skólastjórnendum tækifæri til starfsþróunar í tengslum við verkefni stofnunarinnar og kannanir á hennar vegum. Stofnunin útfæri mögu-leika til starfsþróunar í samstarfi við háskóla, sveitarfélög og aðra aðila eftir því sem við á.

Aðgerð: Skipulögð verði í auknum mæli fræðsla til sveitarfélaga, kennara og skólastjórnenda í tengslum við verkefni Menntamálastofnunar, meðal annars í tengslum við útgáfu á nýju námsefni, innleiðingu aðalnámskrár og annarrar stefnumótunar, námsmat, notkun prófa og matstækja. Einnig verði skipulögð viðeigandi starfsþróun og stuðningur við skóla í tengslum við eftirfylgni ytra mats og niðurstöður innlendra og alþjóðlegra rannsókna og kannana.

Ábyrgðaraðilar: Menntamálastofnun

Fjármögnun: Gert verði ráð fyrir starfsþróun í kostnaðaráætlunum vegna verkefna Menntamálastofnunar.

Tímarammi: 2020-2023

Afurð: Skilgreint og skýrt starfsþróunarhlutverk Menntamálastofnunar.

4. Kennararáð og samstarf aðila

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda ásamt forvera þess, fagráði um símenntun og starfsþróun kennara, hafa með starfi sínu sannað gildi sitt sem mikilvægur samstarfsvettvangur ólíkra aðila um starfsþróun. Innan þessara ráða hafa hugmyndir náð að þroskast í samneyti við helstu hagsmunaaðila sem koma að starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Það er vænlegt til árangurs. Áhrifa af starfinu gætir víða. Mikilvægt er að halda samtalinu áfram með formlegum hætti. Samstarfsvettvangur af þessu tagi er mikilvægur hluti af stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Í lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 95/2019 er kveðið á um stofnun kennararáðs sem meðal annars fari með málefni starfsþróunar kennara og skólastjórnenda. Tryggja þarf að kennararáð taki við öllum verkefnum samstarfsráðs.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um samstarf aðila um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Öflugur samstarfsvettvangur ríkis, sveitarfélaga, háskóla og Kennarasambands Íslands sem fjallar um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði tryggður til framtíðar.

Tillaga 4.1

Starfstími samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði framlengdur þar til málefnum þess hefur verið komið í farveg innan kennararáðs.

Tillaga 4.2

Kennararáði verði falið að vinna áfram með öll málefni og tillögur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda, þar með talið eftirfylgni með þróunarverkefni samstarfsráðs og ut anumhald um vefinn starfsthrounkennara.is.

Samstarf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda þarf að lúta að yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun, öflun upplýsinga um hana, að leiða umræðu og miðla til skólasamfélagsins, t.d. í gegnum vefinn starfsthrounkennara.is. Auk þess verði ráðið menntayfirvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun.

Aðgerð: Starfstími samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda nái til þess tíma er málefnum þess hefur tryggilega verið komið fyrir hjá kennararáði og það verði leiðandi í umræðu um starfsþróun.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

Fjármögnun: Ríkið - fjármögnun kennararáðs er skilgreind í fjárlögum.

Tímarammi: 2020 – til frambúðar.

Tillaga 4.3

Samstarfsnet um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði sett á fót. Kennararáð verði leiðandi í stofnun og vinnu netsins.

Með samstarfsneti er átt við formlega samvinnu þeirra er styðja við, veita og skipuleggja og nýta fræðslu og ráðgjöf fyrir kennara og skólastjórnendur. Hér er til dæmis átt við háskóla sem mennta kennara, skólaskrifstofur, skóla og fagfélög kennara. Með því að leggja saman krafta og skipta með sér verkum má búast við enn betri árangri. Nú þegar hefur verið mótað ákveðið fyrirkomulag í háskólum, skólaskrifstofum og víðar. Með samstarfsnetinu er stutt við það starf sem þegar er til staðar en jafnframt mótaður vettvangur til að koma málefninu á enn betra skrið.

Aðgerð: Kennararáð stofni og verði leiðandi í samstarfsneti um starfsþróun.

Ábyrgðaraðilar: Kennararáð.

Fjármögnun: Aðilar samstarfsnets kosti aðkomu sína að því.

Tímarammi: 2020 – til frambúðar.

Afurð: Öflugt samstarfsnet um starfspróun kennara og skólastjórnenda.

5. Háskólar sem mennta kennara og skólastjórnendur

Háskólar koma á margan hátt að starfspróun kennara og skólastjórnenda og gegna þar mikilvægu hlutverki ekki síst í gegnum nám og rannsóknir. Jafnframt veita háskólar ráðgjöf og styðja við rannsóknir kennara og stjórnenda á eigin starfi og mati á verkefnum tengdum skólaþróun. Háskólar hafa faglega burði til að taka þátt í starfspróun kennara á vettvangi, en ýmsar hindranir standa í vegi fyrir því að þeir geti gert það af þeim krafti sem þeir hafa vilja og sýn til. Þessar hindranir eru eftirfarandi:

- Hlutverk háskóla í starfspróun á vettvangi er óskýrt og ómarkvisst.
- Í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 er ekki tilgreint með beinum hætti að verkvið háskólakennara skuli beinast að starfspróun kennara og skólastjórnenda á vettvangi.
- Ekki er gert ráð fyrir sérstöku fjármagni til háskóla vegna stuðnings við starfspróun kennara á vettvangi.
- Stuðningur við starfspróun kennara er ekki formlega skilgreindur í vinnumatskerfi háskólanna.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um þátt háskólanna í starfspróun kennara og skólastjórnenda

Stuðningur við starfspróun kennara og skólastjórnenda sé eitt af lögbundnum hlutverkum háskóla sem mennta kennara.

Háskólar hafi fjármagn til að taka markvisst þátt í starfspróun á vettvangi. Hlutverk háskóla í starfspróun á vettvangi sé skýrt.

Aðkoma háskólakennara að starfspróun kennara og skólastjórnenda verði metin og skilgreind í vinnumatskerfi háskólanna.

Tillaga 5.1

Háskólum, sem mennta kennara og skólastjórnendur, verði formlega ætlað að koma að starfspróun kennara og skólastjórnenda á vettvangi.

Aðgerð: Skoðað verði hvaða breytingar þurfi að gera, mögulega á samningum ráðuneytis við háskóla, lögum eða reglugerðum, þannig að skýrt verði að háskólunum sé ætlað að koma að starfspróun kennara og skólastjórnenda á vettvangi.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið í samvinnu við háskóla.

Fjármögnun: Gert er ráð fyrir að aðilar kosti vinnu sinna sérfræðinga í verkefninu.

Kostnaðarmat verði unnið jafnhliða. Komi til breytinga á lögum eða reglugerðum greiðir ríkið þann kostnað.

Tímarammi: 2020 – 2021.

Afurð: Formleg skilgreining á hlutverki háskóla í starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Tillaga

5.2

Aukið verði fjármagn til háskólanna sem eyrnamerkt er aðkomu þeirra að starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Aðgerð: Kostnaðarmat og fjármagn skilgreint vegna starfsþróunarhlutverks háskóla.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og háskólarnir.

Fjármögnun: Fjárlög og deililíkan háskóla.

Tímarammi: 2020 – 2021.

Afurð: Fjármagn vegna starfsþróunarhlutverks háskóla skilgreint.

Tillaga

5.3

Háskólar móti stefnu um aðkomu sína að starfsþróun kennara og skólastjórnenda í samvinnu við hlutaðeigandi.

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda hefur staðið fyrir þróunarverkefni um uppbyggingu stoðkerfis til starfsþróunar. Meðal grunnstoða þessa verkefnis er samstarf háskóla og skóla varðandi starfsþróun og skólaþróun. Við stefnumótunina verði horft til þess þróunarverkefnis.

Aðgerð: Starfshópar innan háskólanna móti stefnu, eða endurskoði stefnu sem fyrir er, varðandi aðkomu háskólanna að starfsþróun á vettvangi.

Ábyrgðaraðilar: Háskólar.

Fjármögnun: Háskólar og hlutaðeigandi.

Tímarammi: 2020 – 2021.

Afurð: Stefna um aðkomu háskóla að starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Tillaga 5.4

Samstarf og ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda verði skilgreind sem hluti af starfskyldum háskólakennara sem mennta kennara og skólastjórnendur.

Æskilegt væri að þessi vinna félli undir kennslu og rannsóknarluta háskólakennara og væri skilgreind í stigamatskerfi akademískra starfsmanna.

Hafa ber í huga að ekki koma allir kennarar í háskólum sem mennta kennara beint að starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Aðgerð: Starfshópur innan háskólanna verði settur á fót sem útfæri nauðsynlegar breytingar.

Ábyrgðaraðilar: Háskólarnir og stéttarfélag háskólakennara.

Fjármögnun: Háskólar.

Tímarammi: 2020 – 2021.

Afurð: Ráðgjafarhlutverk háskólakennara skilgreint í stigamatskerfi háskóla.

6. Fjármagn til starfsþróunar kennara og skólastjórnenda

Í dag er ójafnræði í kerfinu milli skólastiga og skólagerða varðandi aðgengi að sjóðum til stuðnings við starfsþróun. Einnig er ósamræmi í reglum sjóða um notkun fjármagns milli skólastiga og -gerða. Munurinn er hvað skýrastur hvað varðar tíma til starfsþróunar eftir skólastigum en samkvæmt kjarasamningum er tónlistarskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólakennurum ætlaður ákveðinn tími til starfsþróunar á meðan kennarar leikskóla hafa ekki skilgreindan tíma til starfsþróunar. Til eru nokkrir sjóðir sem styðja við starfsþróun og aðra eflingu skólastarfs. Þeir hafa ólíkan tilgang og fjármagn hver um sig. Jafna þarf aðstæður og möguleika kennara og skólastjórnenda til starfsþróunar í daglegu starfi óháð skólastigi, skólagerð, búsetu, faggrein, námssviði og starfsreynslu. Brýnt er að kennarar og skólastjórnendur geti sinnt starfsþróun hvort sem er samhliða kennslu eða utan starfstíma skóla.

Í úttektarskýrslu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir (2017) kemur fram að aðferðirnar sem nú eru notaðar til að fjármagna símenntun og faglega starfsþróun eru almennt ekki taldar hagkvæmar (sjá: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=cca962f5-be4f-11e7-9420-005056bc530c>). Í greiningu sem Reykjavíkurborg lét gera 2019 á úthlutunum úr stærstu starfsþróunarsjóðum sem þjóna grunnskólum kemur fram að mjög mikill munur er á því eftir skólum hversu margar umsóknir þeir senda í stærstu sjóðina (sjá: [26](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-</p></div><div data-bbox=)

[items/160_1.1_starfsthroun_i_grunnskolum_reykjavikur_skyrsla_lokadrog_april_2019.pdf](#))

Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann skýrsluna *Starfsþróun kennara - greining á sjóðaumhverfi* fyrir fagráð um símenntun og starfsþróun kennara (2014). Markmiðið var að varpa ljósi á hvaða tækifæri kennarar og skólastjórnendur hefðu til starfsþróunar og hversu miklum fjármunum væri úthlutað til hennar. Greiningin tók til sjóða sem standa leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennurum til boða, skólastjórnendum og ráðgjöfum. Í skýrslunni fæst góð mynd af því hvaða sjóðir styðji við starfsþróun kennara og skólastjórnenda, hvers konar starfsþróun er styrkt og hversu miklum fjármunum var varið í málaflokkinn árin 2012 og 2013. Þar kemur fram munur á milli skólastiga og skólagerða hvað varðar möguleika á styrkjum til starfsþróunar og í hvaða þætti starfsþróunar þeir geta sótt í sjóðina. (Sjá: https://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2014/starfsthroun-kennara-greining-sjoda_13.02.15.pdf)

Framtíðarsýn samstarfsráðs um fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda

Fjármögnun til stuðnings við starfs- og skólaþróun þvert á skólastig og skólagerðir verði tryggð. Allir kennarar hafi jafnt aðgengi að fjármagni og jöfn tækifæri til starfsþróunar.

Tillaga 6.1

Fjármögnun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda verði tekin til gagngerrar endurskoðunar í samvinnu aðila með það að markmiði að jafna aðgengi kennara og skóla að fjármagni og tækifærum til starfsþróunar óháð staðsetningu og þvert á skólastig og skólagerðir, samræma reglur um notkun fjármagns og skoða hvernig best megi nýta það til starfsþróunar í framtíðinni þannig að allir kennarar hafi tíma og rými til að sinna starfsþróun sinni.

Aðgerð: Stofnaður verði starfshópur undir stjórn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hann skoði allt flæði fjármagns ríkis og sveitarfélaga til starfsþróunar, alla sjóði sem styðja við starfsþróun kennara og skólastjórnenda og sjóði sem ekki eru skilgreindir sem starfsþróunarsjóðir s.s. Sprotasjóð og Þróunarsjóð námsgagna. Skoða þarf hvort auka þurfi fjármagn til starfsþróunar eða hvort innan kerfisins sé hæfilegt fjármagn.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga

og Kennarasamband Íslands.

Fjármögnun: Gert er ráð fyrir að aðilar kosti vinnu sinna sérfræðinga í verkefninu.

Kostnaðarmat tillagna hópsins verði unnið jafnhliða vinnu við endurskoðunina.

Tímarammi: 2020-2021.

Afurð: Öflugur fjárhagslegur stuðningur við starfsþróun kennara og skólastjórna og jöfn tækifæri kennara og skólastjórna til starfsþróunar.

7. Skólastjórnendur

Skólastjórnendur hafa lögbúið faglegt forystuhlutverk til að styðja nám og starfsvöxt eða starfsþróun á öllum stigum skólastarfsins. Auk þess sinna skólastjórnendur fjármálum, rekstri, mannauðsmálum og ýmis konar skýrslugerð.

Þegar skoðað er hvernig íslenskir skólastjórnendur á unglingastigi grunnskóla svara TALIS 2018 kemur í ljós að mun lægra hlutfall þeirra hefur á síðasta ári sótt formlegt nám sem lýkur með prófgráðu, en kollegarnir í öðrum löndum. Um 55% þeirra hefur lokið meistaraþáttum. Stjórnendurnir eru þó engir eftirbátar annarra, nema síður sé, þegar kemur að þátttöku í ýmsum námskeiðum og málstofum sem tengjast faggreinum, uppeldisfræðilegum viðfangsefnum, menntamálum og stjórnun. Skólastjórnendur héraðs upplifa sterkari þörf en skólastjórnendur annars staðar fyrir starfsþróun sem tengist því að læra að fylgjast með kennslu og veita endurgjöf sem skilar árangri. Þetta er aðalmerki góðra stjórnenda í lærdómssamfélagi. Aðspurðir um hindranir á vegi skólastjórna til starfsþróunar er algengast að íslenskir skólastjórnendur nefni að hún stangist á við vinnutíma og það sé enginn hvati til að taka þátt í slíkum verkefnum. Algengara er héraðs að skólastjórnendur telji að það sem er í boði sé ekki viðeigandi (sjá: https://mms.is/sites/mms.is/files/vefutgafa_-_talis_2019.pdf).

Mikill tími skólastjórna fer í að sinna fjármálum, rekstri, mannauðsmálum og ýmis konar skýrslugerð og kemur það í veg fyrir að þeir geti sett nægan tíma í hið eiginlega faglega forystuhlutverk. Þetta kemur víða fram í rannsóknum en jafnframt í skýrslum um faglegar kröfur og starfsumhverfi í leik- og tónlistarskóla sem samstarfsráðið vann að, sjá: <https://starfsthroukennara.is/fundargerdir-og-skyrslur/>.

Framtíðarsýn samstarfsráðs varðandi hlutverk skólastjórnenda í starfsþróun kennara

Skólastjórnendur á öllum skólastigum og skólagerðum veita faglega forystu og hafa til þess bæði forsendur og svigrúm. Þannig eru þeir faglegir leiðtogar sem:

- a. styðja við uppbyggingu lærdómssamfélags
- b. styðja við starfsþróun kennaranna og annars starfsfólks innan skólans
- c. eru í samstarfi við stofnanir og aðra skóla.

Tillaga 7.1

Áhersla verði lögð á að allir skólastjórnendur hafi menntun sem styður við leiðtogahlutverk þeirra. Tryggja þarf starfsþróunartækifæri fyrir skólastjórnendur allra skólastiga og skólagerða um land allt sem miðast sérstaklega við starf þeirra, einkum faglega forystu og uppbyggingu lærdómssamfélags í skólum.

Aðgerð: Háskólar, í samvinnu við félög skólastjórnenda, og Samband íslenskra sveitarfélaga og skólaskrifstofur þróa sértæk starfsþróunartilboð fyrir skólastjórnendur um leiðtogahlutverk þeirra.

Ábyrgðaraðilar: Háskólar í samvinnu við félög skólastjórnenda og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fjármögnun: Gert er ráð fyrir að aðilar kosti vinnu sinna sérfræðinga í verkefninu. Kostnaðargreining fari fram samhliða vinnunni.

Tímarammi: 2020 –

Afurð: Öflugt starfsþróunartilboð fyrir skólastjórnendur um leiðtogahlutverk þeirra.

Tillaga 7.2

Hlutverk skólastjórnenda verði skoðað með það í huga að styrkja ábyrgð þeirra á starfsþróun kennara og sem faglegra leiðtoga innan skólanna. Skoðað verði hvort skýra þurfi þessa ábyrgð frekar í lögum og reglugerðum.

Aðgerð: Starfshópur verði settur á fót um endurskoðun / endurskilgreiningu á starfi skólastjórnenda. Leitað verði ráðgjafar háskólasamfélagsins varðandi faglega forystu og uppbyggingu lærdómssamfélaga.

Ábyrgðaraðilar: Mennta- og menningarmálaráðuneyti í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og félög skólastjórnenda.

Fjármögnun: Kostnaðarmat þarf að fara fram jafnhliða vinnunni, en gert er ráð fyrir að aðilar kosti aðkomu sína að endurskoðuninni.

Tímarammi: 2020 – 2021.

Afurð: Skilgreint hlutverk skólastjórnenda í starfsþróun kennara innan skólanna.

8. Starfsþróun í skólum landsins

Á undanförunum árum hefur skólastarf þróast í ríkari mæli í átt að lærdómssamfélagi, sem gerir kröfur um sterka liðsheild og virka þátttöku allra í umbóta- og þróunarstarfi.

Lærdómur af TALIS 2013 er meðal annars að kennarar sem taka þátt í starfsþróun hafa meiri trú á að starf þeirra skili árangri. Samkvæmt TALIS 2018 telja íslenskir kennarar á unglingastigi helstu hindranir starfsþróunar vera þá að hún rekist á við vinnutímann og að það sé enginn hvati til að taka þátt í starfsþróun. Benda má á í þessu sambandi að samkvæmt núgildandi kjarasamningum grunnskólakennara er nýtt ákvæði um persónuálag vegna lokinna ECTS eininga. Einnig er í kjarasamningum grunnskóla-, framhaldsskóla- og tónlistarskólakennara ætlaður ákveðinn tími til starfsþróunar á meðan kennarar leikskóla hafa ekki skilgreindan tíma til starfsþróunar.

Einnig kemur fram í TALIS 2018 að minna er um það meðal íslenskra kennara á unglingastigi en kennara annarra landa, að þeir þjálfuðu eða fylgdust með kennslu samkennara og/eða greindu eigin kennslu í formlega skipulögðu samstarfi í skólanum. Þetta eru dæmigerð vinnubrögð í lærdómssamfélagi.

Sjá nánar um niðurstöður TALIS: https://mms.is/sites/mms.is/files/vefutgafa_-_talís_2019.pdf

Til að koma til móts við þessar hindranir er nauðsynlegt að styðja við öflugna starfsþróun allra kennara og skólastjórnenda þannig að í skólum þroskist virkt lærdómssamfélag þar sem gert er ráð fyrir tíma á starfstíma skóla fyrir allt starfsfólk til ígrundunar, samræðna og starfsþróunar. Bæði kennarar og skólastjórnendur kvarta undan tímaskorti til vinnu af þessu tagi (sjá til dæmis skýrslur: *Faglegar kröfur til kennara og stjórnenda í tónlistarskólum / framhaldsskólum / leikskólum og breytingar á starfsumhverfi þeirra* - <https://starfsthroukennara.is/fundargerdir-og-skyrslur/>).

Einnig þarf að tryggja möguleika starfsþróunarteyma, kennara og skólastjórnenda til þess að starfa með öðrum menntastofnunum; háskólum, skólaskrifstofum, fræðasetrum og skólum m.a. á öðrum skólastigum.

Framtíðarsýn samstarfsráðs um skipulag skólustarfs sem styður við starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Skólustarf sé skipulagt þannig að kennarar og aðrir starfsmenn skóla búi við góðar starfsaðstæður, tíma og möguleika til stöðugrar og fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar alla starfsævina í lærdómssamfélagi. Slíkt fyrirkomulag litar allt daglegt starf og hefur sterkar tengingar út fyrir vegg skólans. Í lærdómssamfélagi fá kennarar og skólastjórnendur tækifæri til að vera rannsakendur.

Tillaga 8.1

Allir skólar landsins vinni að því að byggja upp lærdómssamfélag í samvinnu við aðra skóla og stofnanir. Tryggja þarf öllum kennurum og skólastjórnendum nægjanlegt svigrúm innan árlegs vinnutíma þeirra til starfsþróunar og virkrar þátttöku í lærdómssamfélagi.

Aðgerð: Allir skólar vinni að því að byggja upp virk lærdómssamfélög með áherslu á tíma og rými til starfsþróunar.

Ábyrgðaraðilar: Rekstraraðilar skóla og skólastjórnendur bera ábyrgð á að tryggja nauðsynlega farvegi og svigrúm fyrir innleiðingu lærdómssamfélags í hverjum skóla.

Fjármögnun: Kostnaðarmat þarf að fara fram jafnhliða vinnu við tillögu 7.1.

Tímarammi: 2020 – 2023.

Afurð: Skýrari umgjörð sem styður við fagleg vinnubrögð í skólunum.

Fulltrúar og starfsmenn

Í samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólustjórnenda eiga sæti fulltrúar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samtökum kennara og háskólum. Fulltrúar í ráðinu frá upphafi eru eftirfarandi. Stjörnumerktir fulltrúar * eru í stýrihópi samstarfsráðsins.

NÚVERANDI FULLTRÚAR	FYRRVERANDI FULLTRÚAR
Fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytisins	
Björk Óttarsdóttir formaður *	Sigurjón Mýrdal formaður *
Guðni Olgeirsson	
Hulda Anna Arnljótsdóttir	
Sonja Dögg Pálsdóttir	Kristín Runólfsdóttir
<u>Varamenn:</u> Björg Pétursdóttir varaformaður, Ásdís Jónsdóttir, Ólafur Grétar Kristjánsson, Svanhildur Sverrisdóttir.	
Fulltrúar tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga	
Hulda Karen Daníelsdóttir	
Helgi Arnarson	Þorsteinn Hjartarson
Þórður Kristjánsson *	
Guðrún Edda Bentsdóttir	Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir
<u>Varamenn:</u> Svandís Ingimundardóttir, Skúli Helgason, Bjarni Ómar Haraldsson, Guðrún Edda Bentsdóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir.	
Fulltrúar frá samtökum kennara	
Anna Lýdía Helgadóttir tilnefnd af Félagi leikskólakennara	Aðalheiður Steingrímsdóttir
Þorgerður Laufey Diðriksdóttir tilnefnd af Félagi grunnskólakennara	Guðbjörg Ragnarsdóttir
Anna María Gunnarsdóttir * tilnefnd af Félagi framhaldsskólakennara	

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir tilnefnd af Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum	
Haraldur Árni Haraldsson tilnefndur af Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum	
Sigurður Sigurjónsson tilnefndur af Félagi stjórnenda leikskóla	Ingibjörg Kristleifsdóttir
Ægir Karl Ægisson tilnefndur af Félagi stjórnenda í framhaldsskólum	Hjördís Þorgeirsdóttir
Þorsteinn Sæberg * tilnefndur af Skólastjórafélagi Íslands	Svanhildur María Ólafsdóttir
Magnús Þorkelsson tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands.	
<u>Varamenn:</u> Fjóra Þorvaldsdóttir og Kristín María Ingvarsdóttir Félagi leikskólakennara, Ólafur Loftsson og Hreiðar Oddsson Félagi grunnskólakennara, Guðjón H. Hauksson Félagi framhaldsskólakennara, Ingunn Ósk Sturludóttir Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Dagrún Hjartardóttir Félagi kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Sigurður Sigurjónsson og Hulda Jóhannsdóttir Félagi stjórnenda leikskóla, Ægir Karl Ægisson og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir Félagi stjórnenda í framhaldsskólum, Ingileif Ástvaldsdóttir Skólastjórafélagi Íslands, Olga Lís Gardarsdóttir Skólameistarafélagi Íslands.	
Fulltrúar frá háskólum	
Guðrún Ragnarsdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands	Jón Torfi Jónasson Baldur Sigurðsson
Birna María Svanbjörnsdóttir * tilnefnd af Háskólanum á Akureyri	
Kristín Valsdóttir tilnefnd af Listaháskóla Íslands	
Varamenn: Edda Kjartansdóttir og Atli Vilhelm Harðarson Háskóla Íslands, Þorlákur Axel Jónsson Háskólanum á Akureyri, Ingimar Ó. Waage Listaháskóla Íslands.	

* Stjórnumerkir fulltrúar eru í stýrihópi samstarfsráðsins.

Starfsmenn

Sigurjón Mýrdal var starfsmaður ráðsins frá desember 2017 til loka árs 2018. Sólrún Harðardóttir tók við af honum í febrúar 2019. Starfið svaraði til 50% starfs. Fram til desember 2017 hafði samstarfsráðið ekki starfsmann.

